

um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó.

Flm.: Hjörtur E. Þórarinnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta, svo fljótt sem unnt er, fara fram ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að leiða í ljós, hvers konar tæki og tækni henta best til þungaflutninga hér á landi, þegar fannalög og óstöðug vetrartið gera venjuleg samgöngutæki óvirk.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var áður flutt í lok síðasta þings, en varð ekki afgreidd. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð, sem hér birtist óbreytt:

Eitt af einkennum nútíma þjóðfélags er vaxandi þörf á greiðum og öruggum samgöngum. Þess vegna er uppbygging og viðhald samgöngukerfis eitt af meginviðfangsefnum allra þjóða, sem eru á framfarabraut.

Verkefni þetta er ákaflega miserfitt, ekki sít uppbygging landvegakerfis, og fer það einkum eftir náttúrufari og þéttbýli hinna ýmsu landa.

Hér á landi er það fremur síðara atriðið, strjálbýlið, sem því veldur, að land-samgöngukerfið er þjóðinni dýrt. Þó er nú svo komið, að þjóðvegakerfið tengir saman að heita má allar byggðir landsins. Að visu er það víðast af vanefnum gert og stendur til bóta. Vandræðalaust má það þó kallast undir öllum venjulegum kringumstæðum.

En út af því bregður þó, þegar snjó kingir niður í vetrarhríðum. Þá getur svo farið og ber raunar við nálega á hverjum vetri, að heil héruð og landshlutar missa að einhverju eða öllu leyti not af vegakerfi sínu um lengri eða skemmri tíma, jafnvel mánuðum saman. Þá stöðvast öll samgöngutæki, sem á hjólum ganga, en þau, sem ganga á beltum, eru ýmist svo veigalítil, að þau ráða engan veginn við þungaflutninga, eða þau eru svo hægeng, að ógerlegt er að notast við þau á lengri leiðum.

Stórvirk tæki til að ryðja snjó af vegum eru til og víðast fyrir hendi, en þau stoða lítið í óstöðugri veðráttu, þegar jafnvel lítills háttar stormur getur á nokkrum klukkustundum gert að engu margra daga verk öflugustu vinnuvéla.

Af þessum sökum skapast oft þvílíkt öngþveiti í samgöngumálum heilla landshluta, að neyðarástand má kalla, sem veldur einstaklingum lítt yfirstiganlegum erfiðleikum og sveitarfélögum og ríki feikilegum útgjöldum. Það er því að vonum, að menn velti þessu vandamáli fyrir sér og leiti svars við spurningum svo sem þessum: Hvaða tæki koma helst til greina, sem komizt geta leiðar sinnar með viðunandi burðar- eða dráttargetu og viðunandi hraða þrátt fyrir fannfergi og erfitt tíðarfar? Hvernig ber helst að heita þeim tækjum, gamalkunnum eða nýjum, sem við kunnum að hafa yfir að ráða, í viðureigninni við snjó og storm, þannig, að árangurinn verði bestur? Ýmislegt hefur verið reynt í þessu sambandi af einstökum mönnum víða á landinu og sitt hvað athyglisvert komið í ljós. En öll slík „tilraunastarfsemi“ hefur verið óskipulögð og af vanefnum gerð, og víst er það, að meginvandamálið er enn óleyst, þ. e. hvernig unnt er að flytja þungavöru um kaffennta vegi með þolanlegum hraða og með hóflegum kostnaði.

Í öllum löndum kringum Norður-Íshafið er glímt við þetta sama vandamál og varið til miklu fé. Einkum mun það þó gert á vegum þeirra stofnana, sem vinna að varnarmálum þessara landa, fyrst og fremst á vegum landhersins.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu, að nauðsynlegt sé og aðkallandi, að islenzka ríkið heiti sér einnig fyrir leit að lausn þessa vandamáls.

Eðlilegt virðist, að Vegagerð ríkisins verði falið þetta verkefni hér. Gera má ráð fyrir, að nokkru fé þurfi að eyða í þessu skyni. Í það má þó ekki horfa, þar sem hér er um meiri háttar vandamál að ræða, sem árlega gleypir gifurlegar fjárhæðir einstaklinga og opinberra aðila.

Má telja mjög líklegt, að skipulagðar rannsóknir og tilraunir í þessu efni geti fljótlega gefið niðurstöður, sem komið gei í veg fyrir margs konar mistök, misbeitingu tækja og ótímabæran snjómokstur á vegum og sparað með því þjóðinni stórfé.